

## II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kwst.mælar .....	80.40	98.40	106.80		
3-fasa kwst.mælar .....	135.60	206.40	268.80	447.60	980.84
Tvígjalds og mestastr.mælar ..	196.80	268.80	447.60	720.00	1440.00
Klukkurofar og skiptíkl. ....	343.20				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 47 18. marz 1964, ásamt síðari breytingum.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 29.

1. febrúar 1968.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá Grafreitssjóðs Jónasar Þorbergssonar í Einarstaðakirkjugarði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra, 1. febrúar 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Grafreitssjóðs Jónasar Þorbergssonar í Einarstaðakirkjugarði.

Ég undirritaður, Jónas Þorbergsson, fæddur að Helgastöðum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, 22. janúar 1885, nú til heimilis að Eskihlíð 8, Reykjavík, hefi látið steypa upp grafreit með grind í hliði í Einarstaðakirkjugarði í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu.

Í grafreit þessum hafa hlotið leg eftirtaldir ættmenn mínir og ástvinir, og hafa nöfn þeirra verið höggvin á dökkar steinplötur, sem eru múraðar í vegginn gegnt hliði. Þeir eru, talið frá vinstri:

1. Faðir minn, Þorbergur Hallgrímsson, (1852—1930).
2. Móðir mín, Þóra Hálfánardóttir, (1852—1893).
3. Bróðir minn, Benedikt Þorbergsson, (1878—1887).
4. Dóttir mín, Hallfríður Jónasdóttir, (1918—1920).
5. Eiginkona mín af fyrri hjónabandi, Þorbjörg Jónsdóttir frá Arnarvatni í Mývatnssveit, (1891—1923).

Nú hef ég ákveðið að stofna lítinn sjóð vegna þessa grafreits og leyfi mér að beiðast þess, að hið háa ráðuneyti staðfesti, að um sjóðinn skuli gilda eftirgreind ákvæði skipulagsskrár:

1. Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 6000.00 — sex þúsund krónur —.
2. Sjóðurinn geymist og ávaxtist í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri. Verði það útibú lagt niður, skal sjóðurinn hljóta geymslu í hverri þeirri peningastofnun norðanlands, sem kirkjustjórnin telur öruggast og hentast.
3. Höfuðtilgangur sjóðsins er að standa straum af kostnaði við fyrrnefndan grafreit, viðhaldi hans og viðgerðum.
4.  $\frac{1}{10}$  af vöxtum sjóðsins má á hverjum tíma verja samkvæmt því, sem ákveðið er í 3. lið, en  $\frac{1}{10}$  vaxtanna skal leggja í höfuðstól sjóðsins.
5. Kirkjustjórnin gerir ráðstafanir til þess, að grafreitssjóðurinn standi undir yfirmumsjón trúverðugs embættismanns; sveitarstjóra Reykdælahrepps eða sýslunefndar Þingeyjarsýslu, sem hverju sinni áritar til útborgunar í bankanum sundurliðaða reikninga sóknarnefndar Einarstaðakirkjusóknar með þeim takmörkunum, sem greinir í 4. tölulið.
6. Nú verða, samkvæmt lögum frá Alþingi, öll minnismerki í kirkjugörðum landsins jöfnuð við jörðu og skal þá verja vaxtatekjum sjóðsins til viðhalds Einarstaðakirkju, samanber 4. tölulið.
7. Nú verður kirkja á Einarstöðum lögð niður og skal þá sjóðurinn falla til fátækra til styrktar munaðarlausra barna og/eða einstæðra mæðra í Reykdælahreppi samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórnar með þeim takmörkunum, sem greinir í 4. tölulið.

Reykjavík, 1. febrúar 1968.

Jónas Þorbergsson.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa,  
nr. 59 3. febrúar 1966.

### 1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðzt hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðzt, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrir en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðzt í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni, og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenskra einkaleyfaumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 3 200.00. Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.